



**Alþingi**  
**Nefndasvið b.t. Kristjönu Benediktsdóttur**  
**Austurstræti 8 – 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 18. maí 2015

**Efni: Umsögn um Þingskjal 413 – 336. mál Tillaga til þingsályktunar um eflingu náms í mjólkurfræði.**

Þingsályktunin barst Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dagsett 4.5.2105.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði lýsa áhyggjum af þeim breytingum sem hafa orðið í möguleikum einstaklinga til að sækja sér menntun í mjólkurfræði. Frá upphafi mjólkuriðnaðar á Íslandi hefur það verið gæfa iðnaðarins að njóta starfskrafta mjólkurfræðinga sem hafa aflað sér góðrar fagþekkingar í öflugum erlendum skólum. Sú þekking sem mjólkurfræðingar hafa flutt heim, er hornsteinn íslensk mjólkuriðnaðar.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hvetja til þess að þingsályktunin verði samþykkt og hvetja mennta- og menningarmálaráðherra til að leita samninga við erlenda skóla og/eða ríki sem geta boðið öfluga menntun í mjólkurfræði.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði telja brýnt fyrir íslenskan mjólkuriðnað að einstaklingar komist til náms í mjólkuriðni sem fyrst og hvetja til þess að málið verði sett í forgang í ráðuneytinu.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði áskilja sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf

Bjarni R. Brynjólfsson, skrifstofustjóri SAM